

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

48. fundur Stjórnar BS bs. haldinn mánudaginn 28. maí 2020

kl. 17:00 í fundarsal B.S Hringbraut 125

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Gestur fundarinn, Óskar Ásgeirsson eftirlitsmaður með framkvæmdum við nýja slökkvistöð.

### Dagskrá.

#### Formaður setur fundinn.

- Staða framkvæmda við nýja slökkvistöð.
  - Óskar Ásgeirsson verkfræðingur frá Glóru ehf. eftirlitsmaður framkvæmda á nýrri slökkvistöð við Flugvelli 29, fór yfir framkvæmdina og þá vinnu sem er í gangi. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki um miðjan ágúst.
- Staða fjármála.
  - Jón fer yfir stöðuna í fjármálum BS bs. Rekstur er samkvæmt áætlun.
  - Stjórn samþykkir að endurnýja yfirdrátt félagsins, samtals 30 mil. kr. hjá Landsbankanum.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra
  - Jón fór yfir starfsemina á síðustu tveimur mánuðum og sagði frá nokkrum krefjandi útköllum þar sem starfsmenn hafi staðið í ströngu. Einnig eru þeir búnir að vera í vinnu í krefjandi umhverfi vegna COVID-19 sem hefur aukið álag á starfsemina töluvert. Einnig fór BS til aðstoðar við gróðurelda hjá slökkviliði Borgarbyggðar en við erum með samstarfssamning við þá. Sendi BS átta slökkviliðsmenn á dælubíl, eiturefnabíl með loftbanka og tankbíl.
  - Stjórn vill sérstaklega færa starfsmönnum innilegar þakkir fyrir góð störf á erfiðum og krefjandi tímum.

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

---

- Hefur staðið yfir þjálfun á nýliðum í varaliði og er henni að ljúka. Munu þau því koma inn á bakvaktir í sumar með þeim vöktum sem þau tilheyra.

#### 4. Önnur mál.

- Brunavarnaáætlun Brunavarna Suðurnesja bs. Unnið hefur að uppfærslu hennar að undanfarið en smá seinkun hefur orðið á þeirri vinnu vegna COVID-19. Standa vonir til þess að hún verði klár á haustmánuðum.
- Gæðahandbók fyrir sjúkraflutninga lögð fram og kynnt fyrir stjórn. Stjórn þakkar fyrir vönduð vinnubrögð á handbókinni og þá sérstaklega Eyþóri R.Þórarinssyni.

**Fundi slitið kl. 18:30**